

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagata 4
101 Reykjavík
b.t. Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur

Reykjavík, 6. febrúar 2018

Efni: Starfshættir fyrirtækisins E content ehf.

Fljótlega eftir efnahagshrunið árið 2008 voru stofnuð hér á landi fyrirtæki sem höfðu þann tilgang að veita almenningi tiltölulega lágar fjárhæðir að skammtímaláni með óhóflegum kostnaði. Frá upphafi voru þessi lán þekkt undir heitinu „smálán“ og voru þau gagnrýnd vegna þessa mikla kostnaðar sem fylgdi lánunum. Almennt var árleg hlutfallstala kostnaðar slíkra lána mörg hundruð prósentustig en engin löggjöf hér á landi kom í veg fyrir að fyrirtæki gætu veitt lán með þeim hætti. Fyrirtækjunum fjölgaði ört og þau urðu umsvifameiri, þ.e. fóru að auglýsa sig betur og þeim lánamöguleikum sem voru í boði fjölgaði. Fjölmíðlaumfjöllun um lánin var mikil á þessum tíma og Neytendasamtökin kröfðust þess ítrekað að sett yrðu lög sem hindruðu að fyrirtækin gætu haldið áfram óbreyttri starfsemi. Það var ekki fyrr en 1. nóvember 2013 að lög um neytendalán nr. 33/2013 tóku gildi en með lögnum var sett þak á þann kostnað sem leggja má á lántaka samhliða lántöku.

Neytendasamtökin hafa fylgst með þróun mála allar götur síðan lánin fóru að bjóðast neytendum og sendu samtökin t.a.m. erindi til efnahags- og viðskiptaráðherra dags. 29. desember 2009 þar sem vakin var athygli ráðuneytisins á lánunum og aðgerða krafist. Þá var ekki að heyra mikinn vilja hjá ráðuneytinu til að aðhafast í málinu og vísaði ráðuneytið í svari sínu til þess að sameiginlegar reglur evrópska efnahagssvæðisins varðandi atvinnufrelsi stæðu í vegi fyrir aðgerðum. Voru Neytendasamtökin sögð í lykilhlutverki við að upplýsa neytendur um þá lánamöguleika sem biðust á frjálsum markaði og taldi ráðuneytið að treysta þurfi á dómgreind neytenda í málum sem þessum.

Nú er svo komið að Neytendasamtökin telja rétt að senda frá sér nýtt erindi og vekja athygli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á málefnum fyrirtækisins E content ehf. Neytendastofa hefur ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að lánaskilmálar fyrirtækisins brjóti gegn ákvæðum laga um neytendalán. Neytendastofa hefur lagt sektir á fyrirtækið en þrátt fyrir það hafa hvorki skilmálar né fyrirkomulag útlána E content ehf. breyst með nokkrum hætti og fyrirtækið virðist starfa óhindrað áfram.

Um er að ræða fyrirtæki sem er móðurfélag fyrirtækjanna Kredia, Smálán 1909, Múla og Hraðpeninga en öll þessi fyrirtæki eiga það sameiginlegt að veita neytendum lán til skamms tíma með óhóflegum tilheyrandi kostnaði. Eins og áður segir var fyrir gildistöku laga um neytendalán ekki í lögum nein ákvæði sem settu takmörk á þann kostnað sem lánveitendur gátu krafist úr hendi lántaka sinna vegna útlána. Reglan um árlega hlutfallstölu kostnaðar hafði verið til staðar en hún var m.a. hugsuð þannig að neytendur geti gert samanburð á kostnaði milli lánveitenda. Með lögnum árið 2013 var hins vegar sett þak á árlega hlutfallstölu kostnaðar (ÁHK), sbr. 26. gr. laganna, en hámarkið er 50% að viðbættum stýrivöxtum.

Setning laganna og gildistaka þeirra breytti því ýmsu fyrir smálánafyrirtæki sem geta ekki lengur boðið upp á mörg hundruð prósent og jafnvel þúsund prósent árlega hlutfallslegan kostnað við útlán sín. Eftir að Neytendastofa hafði komist að því með ákvörðun sinni að kostnaður vegna útlána E content ehf. væri í andstöðu við regluna um ÁHK hóf fyrirtækið að skilyrða lántöku sína með þeim hætti að lántakar þyrftu að kaupa rafbækur samhliða lántökunni. Þannig krafði E content ehf. lántaka um aukakostnað sem fyrirtækið taldi ekki vera hluta af lántökukostnaði og ætti því ekki að vera reiknaður með í árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Það var þó álit flestra að sömu sjónarmið ættu að gilda um kostnað vegna rafbóka og var talinn gilda um kostnað vegna svonefnds „flýtigjalds“, en héraðsdómur Reykjavíkur komst að því í málum nr. E-1934/2015 og E-1935/2015 að kostnaður vegna gjaldsins eigi að vera hluti af heildarkostnaði vegna lántökunnar.


Þannig virðist áskilnaður um kaup á rafbókum einfaldlega vera hið umdeilda „flýtigjald“ í dulbúningi og fylgdu í kjölfarið fjölmargar ákvarðanir Neytendastofu:


- Þann 20. maí árið 2016 lagði Neytendastofa stjórnvaldssekt á tvö fyrirtæki sem nú eru í eigu fyrirtækisins með ákvörðunum sínum nr. 16/2016 og 17/2016. Fjárhæð sekta var í báðum tilfellum **750.000 kr.** en meðal ástæðna var sú staðreynd að þegar tekið væri tillit til heildar lántökukostnaðar væri árleg hlutfallstala lána fyrirtækisins 3.340%.
 - Áfrýjunarnefnd neytendamála staðfesti ákvarðanir Neytendastofu þann 16. september 2016.
- Þann 14. nóvember 2016 komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið E content ehf. hefði brotið gegn 26. gr. laga um neytendalán með sama hætti og í fyrirnefndum ákvörðunum en þá lagði Neytendastofa jafnframt stjórnvaldssekt að fjárhæð **2.400.000 kr.** á fyrirtækið.
 - Áfrýjunarnefnd neytendamála staðfesti þá ákvörðun þann 10. mars 2017.
- Þann 12. júlí 2017 lagði Neytendastofa **10.000.000 kr.** stjórnvaldssekt á fyrirtækið auk **500.000 kr.** dagsekta þar sem fyrirtækið hafði ekki breytt starfsháttum sínum með tilliti til fyrri ákvarðana né farið eftir fyrirmælum Neytendastofu sem þar komu fram.
 - Áfrýjunarnefnd neytendamála staðfesti þá ákvörðun þann 6. nóvember 2017.

Þrátt fyrir framangreindar ákvarðarnir og staðfestingar áfrýjunarnefndar neytendamála á þeim og óumdeild brot fyrirtækisins E content ehf. heldur fyrirtækið áfram að lána neytendum fjármuni með ólöglega háum kostnaði. Þar sem fyrirtækið er ekki skilgreint sem fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 þarf fyrirtækið ekki sérstakt starfsleyfi og er ekki undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins heldur Neytendastofu. Eins og framan er rakið virðist Neytendastofa hafa gert flest það sem í valdi stofnunarinnar stendur til þess að reyna að koma í veg fyrir áframhaldandi lögbrot fyrirtækisins en það virðist ekki hafa áhrif á starfsemi þess. Neytendasamtökin hafa reynt að grafast fyrir um það hvort þær stjórnvaldssektir sem lagðar hafa verið á E content ehf. hafi verið greidd í ríkissjóð en ekki fengið nein svör þar um.

Þá hlýtur einnig að koma til skoðunar hvort sektakerfi, eins og það sem um ræðir hér, þjóni í raun tilgangi sínum þegar fyrirtæki virðast geta haldið áfram að brjóta gegn ákvæðum laga og starfa óhindrað þrátt fyrir að lagðar hafi verið á þau sektir sem nema tugum milljóna króna. Með vísan til framangreinds gera Neytendasamtökin þá kröfu að ráðuneytið endurskoði starfshætti smálánafyrirtækja og tryggi að þau starfi lögum samkvæmt. Leggja samtökin til að ráðuneytið láti framkvæma athugun á því hvort og þá hvernig nágrennalönd Íslands hafa komið í veg fyrir lánastarfsemi sem þessa.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna


Brynhildur Pétursdóttir, frkvstj.


Hrannar Már Gunnarsson, lögfr.